

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna stækkunar efnistökusvæðis fyrir Lönguhlíðarnámu í landi Eyvindartungu.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. febrúar 2024 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 20. desember 2023.

Í breytingunni felst stækkun efnistökusvæðis E19, Lönguhlíðarnámu í landi Eyvindartungu, úr 2 ha í 4,95 ha. Heimild til efnistöku fer úr 50.000 m<sup>3</sup> í allt að 149.500 m<sup>3</sup>.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 22. febrúar 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 7. mars 2024